



Persónuverndarstefna Regnbogans

Regnboginn vinnur með persónugreinanleg gögn um einstaklinga og vistar í upplýsingakerfum sínum. Skólinn leggur ríka áherslu á að tryggja, með margvíslegum hætti, trúnað, áreiðanleika, örugga og ábyrga meðferð viðkvæmra upplýsinga. Því höfum við sett upp margvíslegar varnir er varða vörslu og vinnslu gagna.

Hvaða gögn

Um er að ræða persónuupplýsingar er varða börn skólans, foreldra og starfsfólk.

Heimildir

Skólinn vistar og vinnur eingöngu með þau gögn sem nauðsynleg eru og heimilt er að vinna með samkvæmt lögum, samningum við aðila eða upplýstu samþykkti einstaklinga og annarra þeirra sem að verkefnum koma.

Hvaða notkun

Gögn og upplýsingar sem skólinn geymir í upplýsingakerfum sínum, eru einungis notuð til að skólinn geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu á sem bestan máta. Regnboginn dreifir aldrei viðkvæmum persónugögnum án heimildar þess einstaklings sem í hlut á eða forráðamanns hans.

Geymsla gagna - afritun

Leikskólinn setur sér starfsreglur um geymslu og vinnslu gagnanna til að koma í veg fyrir eða lágmarka skaða af völdum misnotkunar eða gáleysis. Gögn skólans eru afrituð til að tryggja að þau séu ætíð til staðar.

Réttmæti

Regnboginn leitast ætíð við að tryggja réttmæti gagna sinna. Komi í ljós að upplýsingar séu rangt skráðar, eru þær uppfærðar.

Réttur einstaklinga til upplýsinga

Regnboginn veitir forsjáaðila barns eða þeim einstaklingi sem þess óskar og hefur heimild til, aðgang að upplýsingum um viðkvæm persónugögn er hann varðar. Beðni um upplýsingar þarf að berast á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Regnbogans.

Skipaður hefur verið persónuverndarfulltrúi sem m.a. tekur við beiðnum einstaklinga og setur þær í farveg þannig að unnt sé að svara einstaklingum innan ásættanlegs frests.